

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

Starfsleyfisskilyrði fyrir baðstofur sem reknar eru utan sundstaða

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrðin gilda fyrir baðstofur eða baðhús sem hituð eru upp með rafmagni eða viði (sauna), einnig gufubaðstofur sem hitaðar eru upp með vatnsgufu (eimbað) eða hveragufu.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel við haldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.5 Hitamælir og rakamælir skulu vera auðsýnilegir gestum, einnig gasmælar, eftir því sem við á.
- 2.6 Miða skal við a.m.k. 0,5 m² búningsaðstöðu fyrir hvern gest. Þar skal einnig vera baðaðstaða og greiður aðgangur að fullbúinni snyrtingu.
- 2.7 Gólfflötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3m² fyrir hreyfihamlaða. Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.
- 2.8 Innstreymi í sturtur skal ekki vera heitara en 55°C þegar það er tekið til blöndunar með kölduvatni og skal það tryggt með segulrofa eða öðrum viðurkenndum búnaði.
- 2.9 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum almenns notanda, þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Húsnæði og öll aðstaða skulu þrifu daglega eða oftár eftir þörfum. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Þrifa skal búnað og umhverfi reglulega. Við þrif er nauðsynlegt að nota efni sem henta hverju sinni t.d. vegna útfellinga sem geta myndast við blöndun á jarðhitavatni og köldu vatni.
- 3.4 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.



- 3.5 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið
- 3.6 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar aðgangs og þjónustu.

4. Öryggi og slysavarnir

- 4.1 Á baðstað skulu vera öryggisreglur og neyðaráætlun.
- 4.2 Neyðarhnappur tengdur við neyðarkerfi skal vera í klefanum.
- 4.3 Hurð baðstofu skal opnast auðveldlega út úr klefanum.
- 4.4 Lýsing skal vera í klefanum.
- 4.5 Á klefanum skal vera sjónop eða gagnsætt efni svo hægt sé að fylgjast með öryggi gesta.
- 4.6 Hitagjafar, ofnar og útstreymisop skulu varðir þannig að ekki sé hætt á slysum.
- 4.7 Þar sem jarðgufa er notuð beint til upphitunar skal gæta þess að styrkur hættulegra gastegunda verði ekki of hár. Styrkur brennisteinsvetnis má ekki fara yfir 10 ppm.
- 4.8 Eiganda er skylt að sjá til þess að starfsfólk fái reglulega þjálfun í skyndihjálpi.
- 4.9 Slys og óhöpp skal skrá á þar til gerð eyðublöð og sem skulu vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti.

5. Matvæli.

- 5.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeðlunar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

6. Umhverfismál.

- 6.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 6.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmýndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 6.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 6.4 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 6.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólpi eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 457/1998 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, byggingarreglugerð nr. 441/1998, reglugerð nr. 737 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 95.05.02 Baðhús



GREINARGERÐ MEÐ SAMRÆMDUM STARFSLEYFISSKILYRÐUM FYRIR ATVINNUGREIN

Atvinnugreinaflokkur xy-xz

Helstu forsendur fyrir starfsleyfisskilyrðum þessum eru:

- Til að tryggja hollustuhætti og heilnæmt umhverfi í samræmi við reglugerð um hollustuhætti
- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys á viðskiptavinum
- Til að tryggja að starfsmenn hafi ákveðna lágmarksþekkingu
- Koma í veg fyrir vanbúnað í aðstöðu fyrir almenning.
- Hafa aðhald með þeim sem starfa í þjónustu við almenning.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um starfseminna.
- Fyrirbyggja mengun og mengunarslys.

Starfsemin á sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002,
reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla,
lög nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði,
reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
byggingarreglugerð nr. 441/1998,
reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni,
reglugerð nr. 776/1998 um snyrtivörur,
reglugerð nr. 464/2001 um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum,
reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum,
reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim
reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,
reglugerð nr. 933/1999 um hávaða,
reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs,
reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni,
lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,
reglur Vinnueftirlits ríkisins um niðurfallsristar og útsogsop setlauga.

Nánar um hvert ákvæði: